

Fundargerð 82. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2025, miðvikudaginn 12. mars kl. 09:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Kjartan Benediktsson og Kristinn Andersen.

Að auki sátu fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Skattlagning orkuvinnslu - 2402001SO

Árni Sverrir Hafsteinsson og Björn Ingi Óskarsson kynntu vinnu innviðaráðuneytisins við gerð frumvarps til að afnema undanþágur frá fasteignamati og þá um leið undanþágu frá fasteignasköttum á orkumannvirki.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga þakka Árna Sverri og Birni Inga fyrir samráðið og vilja ítreka mikilvægi þess að frumvarpsdrög verði lögð fram sem fyrst. Drögin fái síðan góða kynningu og samráð hjá sveitarfélögum og frumvarpið lagt fyrir haustþing og skattlagning hefst árið 2026.

Gestir undir þessum lið voru Árni Sverrir Hafsteinsson og Björn Ingi Óskarsson frá innviðaráðuneytinu

2. Tillaga til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða- óskað umsagnar - 2503001SO

Til umsagnar er tillaga til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, nr. 24/152. Samkvæmt þingsályktunartillögunni á að færa tiltekna virkjunarkosti um flokka í samræmi við endurmat verkefnisstjórnar á þeim virkjanakostum.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni segir "Þá eru vísbendingar þess efnis að skipting tekna ráði talsvert miklu um viðhorf gagnvart virkjanaframkvæmdum og heildarmat íbúa á réttmæti virkjanaframkvæmdanna virðist að einhverju leyti háð mati þeirra á efnahagslegum ávinningi af slíkum framkvæmdum fyrir samfélagið."

Starfsmanni samtakanna er falið að skila inn umsögn um frumvarpið í samræmi við markmið samtakanna og umræður á fundi.

3. Orkufundur 2025 - 2501004SO

Lagt var til að Orkufundur 2025 verði haldin í Reykjanesbæ og að vorferð stjórnar verði haldin í tengslum við Orkufund.

Á orkufundi verði stefnt að því að fjalla um væntanlegt frumvarp um afnám undanþágu orkumannvirkja á fasteignamati og fasteignasköttum ásamt því að leggja af stað í þá vegferð að fá flutningsmannvirki raforku einnig metin til fasteignamats og greiði þá fasteignaskatt.

Í vorferð stjórnar verði reynt að fá kynningar á áskorunum og viðbrögðum HS veitna og HS Orku við þeim jarðhræringum er verið hafa á svæðinu ásamt því að hitta á fulltrúa aðildarsveitarfélaga á svæðinu.

Stjórn samþykkir að Ása Valdís Árnadóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir og Knútur Emil Jónasson mynda starfshóp til að undirbúa Orkufund og vorferð stjórnar í Reykjanesbæ í maí 2025.

Guðmundur Haukur Jakobsson og Jónína Brynjólfsdóttir véku af fundi kl.10:00

Fundi var slitið kl. 10:15